



## Snjóflóð á Íslandi veturinn 2013–2014

---

Rúnar Óli Karlsson  
Pálína Þórisdóttir  
Óliver Hilmarsson  
Sveinn Brynjólfsson  
Harpa Grímsdóttir





# Snjóflóð á Íslandi veturinn 2013–2014

---

Rúnar Óli Karlsson, Pálína Þórisdóttir, Óliver Hilmarsson, Sveinn  
Brynjólfsson og Harpa Grímsdóttir, Veðurstofu Íslands



<b>Skýrsla nr.:</b> VÍ 2015-008	<b>Dags.:</b> Október 2015	<b>ISSN:</b> 1670-8261	<b>Opin</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Lokuð</b> <input type="checkbox"/> <b>Skilmálar:</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Snjóflóð á Íslandi veturinn 2013–2014		<b>Upplag:</b> 45 <b>Fjöldi síðna:</b> 42	
		<b>Framkvæmdastjóri sviðs:</b> Theódór F. Hervarsson	
<b>Höfundar:</b> Rúnar Óli Karlsson, Pálína Þórisdóttir, Óliver Hilmarsson, Sveinn Brynjólfsson og Harpa Grímsdóttir		<b>Verkefnisstjóri:</b> Harpa Grímsdóttir	
		<b>Verknúmer:</b> 4351–0–0001	
<b>Gerð skýrslu/verkstig:</b>		<b>Málsnúmer:</b> 2015-246	
<b>Unnið fyrir:</b>			
<b>Samvinnuaðilar:</b>			
<b>Útdráttur:</b> Veturinn 2013–2014 var nokkuð erilsamur fyrir snjóflóðavaktina. Langvarandi N– og NA–áttir seinni hluta desember sköpuðu óstöðugar aðstæður á Vestfjörðum og Norðurlandi og féll fjöldi stórra snjóflóða á þessum svæðum með tilheyrandi lokunum á vegum en tjón var lítið. Fjöldi snjóflóða féll einnig á Austfjörðum en aðstæður þar voru nokkuð sérstakar þar sem snjór var mjög lítill neðan 400 metra en mikill í fjöllum. Aðstæður voru áfram óstöðugar og gengu snjóflóðahrinur yfir bæði í febrúar og mars. Snjór var með mesta móti í Bláfjöllum og eftir úrhellisrigningar féll stærsta snjóflóð sem Veðurstofan hefur mælt á Bláfjalla-svæðinu. Mörg féllu af mannavöldum þegar fólk var á ferð á vélsleðum, skíðum og fót-gangandi en engin alvarleg meiðsli hlutust af. Í heildina varð lítið tjón þrátt fyrir aðstæður en það voru helst girðingar og tré sem skemmdust og eitthvað tjón á vélsleðum. Í ofanflóða-gagnasafn Veðurstofu Íslands eru skráðar 784 færslur frá vetrinum og þar af 757 snjóflóða-færslur. Flóðin eru þó töluvert fleiri þar sem stundum eru mörg flóð í sömu skráningunni.			
<b>Lykilorð:</b> Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóðaaðstæður, snjóflóðasprengingar, snjódýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll		<b>Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs:</b> 	
		<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 	
		<b>Yfirfarid af:</b> SG	



## Efnisyfirlit

TÖFLUSKRÁ .....	7
MYNDASKRÁ .....	7
1 INNGANGUR.....	9
2 TÍÐARFARSYFIRLIT .....	10
3 SNJÓFLÓÐDAYFIRLIT OG VÖKTUN SNJÓFLÓÐAHÆTTU .....	11
3.1 Yfirlit yfir snjóflóð vetrarins .....	11
3.2 Snjódýptarmælingar .....	13
3.3 Skráning snjóflóða og útlína í gagnagrunna Veðurstofunnar .....	14
3.4 Óvissustig og rýmingar .....	15
3.5 Snjóflóð á vegi.....	15
3.6 Fólk í snjóflóðum .....	17
4 NÝJUNGAR HJÁ SNJÓFLÓÐAVAKTINNI.....	17
5 HELSTU SNJÓFLÓÐ.....	18
5.1 Steiniðjugil 25. desember .....	19
5.1.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing.....	20
5.1.2 Veðuraðdragandi.....	20
5.1.3 Myndir af flóðinu í Steiniðjugili .....	21
5.2 Óshvilft 24.–26. desember.....	21
5.2.1 Útlínur flóðsins og stutt lýsing .....	21
5.2.2 Veðuraðdragandi.....	22
5.2.3 Myndir af flóðinu úr Óshvilft.....	22
5.3 Ljósavatnsskarð 25.–26. desember.....	23
5.3.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing.....	23
5.3.2 Veðuraðdragandi og myndir .....	23
5.3.3 Myndir af flóðinu í Ljósavatnsskarði .....	24
5.4 Grefilsgil í Fnjóskadal 3. janúar .....	25
5.4.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing.....	25
5.4.2 Veðuraðdragandi.....	25
5.4.3 Myndir af í Grefilsgili .....	26
5.5 Botn í Súgandafirði 4.–5. janúar .....	27
5.5.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing.....	27
5.5.2 Veðuraðdragandi.....	27
5.5.3 Myndir af flóðinu í Súgandafirði.....	28
5.6 Þverárfjall í Dalsmynni 14. febrúar.....	29

5.6.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing.....	29
5.6.2 Veðuraðdragandi.....	29
5.6.3 Myndir af flóðinu í Þverfjalli .....	30
5.7 Vífilsfell 9. mars.....	31
5.7.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing.....	31
5.7.2 Veðuraðdragandi og myndir .....	31
5.7.3 Myndir af flóðinu í Vífilsfelli.....	32
5.8 Merkjárgil í Ljósavatnsskarði 20.–21. mars .....	33
5.8.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing.....	33
5.8.2 Veðuraðdragandi og myndir .....	33
5.8.3 Myndir af flóðinu í Merkjárgili í Fnjóskadal .....	34
5.9 Fannardalur vestan Neskaupstaðar 25. mars .....	35
5.9.1 Útlínur flóðsins og stutt lýsing .....	35
5.9.2 Veðuraðdragandi.....	35
5.9.3 Myndir af flóðinu í Fannardal .....	36
5.10 Breitt snjóflóð í Bláfjöllum 26. mars.....	37
5.10.1 Útlínur flóðsins og stutt lýsing .....	37
5.10.2 Veðuraðdragandi.....	37
5.10.3 Myndir af flóðinu á skíðasvæðinu í Bláfjöllum .....	38
6 HELSTU HRINUR VETRARINS .....	39
6.1 Norðanverðir Vestfirðir 23.–27. desember .....	39
6.1.1 Skutulsfjörður og Súðavíkurlíð .....	40
6.1.2 Önundarfjörður.....	40
6.1.3 Hnífsdalur.....	40
6.1.4 Bolungarvík, Syðridalur og Skálavík: .....	40
HEIMILDIR .....	40
VIÐAUKI I. VEÐURAÐDRAGANDI HELSTU SNJÓFLÓÐA VETRARINS .....	41
VIÐAUKI II. SKRÁÐ OFANFLÓÐ VETURINN 2013–2014 .....	42



## Töfluskrá

Tafla 1. Viðbúnaðarástand og rýmingar veturinn 2013–2014.....	15
Tafla 2. Snjóflóð yfir vegi á Súðavíkurhlíð og Skutulsfirði 19.–27. desember 2013...	16
Tafla 3. Snjóflóð yfir vegi á norðanverðum Vestfjörðum 19.–27. desember 2013. ....	16
Tafla 4. Markverð snjóflóð veturinn 2013–2014.....	18
Tafla 5. Veðurstöðvar notaðar við að greina einstaka þætti í veðuraðdraganda helstu snjóflóða vetrarins. ....	19
Tafla 6. Snjóflóðahrinur vetrarins.....	39
Tafla 7. Nokkrir veðurþættir mældir á sjálfvirkum veðurstöðvum í aðdraganda helstu snjóflóða vetrarins. ....	41

## Myndaskrá

Mynd 1. Snjódýpt í fjöllunum ofan Neskaupstaðar seint í janúar. ....	11
Mynd 2. Snjógryfja við Hvannadalshnjúk þann 15. maí.....	12
Mynd 3. Snjódýpt í Seljalandshlíð. ....	13
Mynd 4. Snjódýpt á Siglufirði.....	13
Mynd 5. Snjódýpt á Seyðisfirði.....	14
Mynd 6. Fjöldi snjóflóðafærslna í hverjum mánuði samanborið við undanfarna sex vetur. ....	14
Mynd 7. Fjöldi snjóflóðafærslna eftir landshlutum.....	15
Mynd 8. Hiti og úrkoma á Ísafirði dagana fyrir flóð.....	20
Mynd 9. Vindhraði og vindátt á Steingrímsfjarðarheiði dagana fyrir flóð. ....	20
Mynd 10. Á myndinni sést vel hvernig snjór hefur sprautast upp um vegg gamla steypusílsins sem er um 25 metra hátt. ....	21
Mynd 11. Hiti og úrkoma á Ísafirði dagana fyrir flóð.....	22
Mynd 12. Vindhraði og vindátt á Steingrímsfjarðarheiði dagana fyrir flóð.....	22
Mynd 13. Útlínur snjóflóðsins úr Óshvilft. Bærinn Fremri Ós sést vel á myndinni...	22
Mynd 14. Hiti og úrkoma á Akureyri dagana fyrir flóð.....	23
Mynd 15. Vindhraði og vindátt í Grímsey dagana fyrir flóð.....	23
Mynd 16. Unnið að mokstri á flóðinu í Ljósavatnsskarði. ....	24
Mynd 17. Vestari tungan náði um 40 m út á ísilagt Ljósavatn. ....	24
Mynd 18. Hiti og úrkoma á Akureyri dagana fyrir flóð.....	25
Mynd 19. Vindhraði og vindátt í Grímsey dagana fyrir flóð. ....	25

Mynd 20. Á myndinni sést þykkt snjóflóðsins vel þar sem það fór yfir veginn í Fnjóskadal .....	26
Mynd 21. Þykkt brotstálsins í Grefilsgili var mjög mikil.....	26
Mynd 22. Hiti og úrkoma í Bolungarvík dagana fyrir flóð.....	27
Mynd 23. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli dagana fyrir flóð. ....	27
Mynd 24. Mikill snjór var í Súgandafirði þegar flóðið fell. Kögglarnir úr flóðinu sjást á flatlendinu og símastaurinn sem skekktist.....	28
Mynd 25. Snjóflóðið fór yfir hluta nýja vegarins og brúna sem þar er. ....	28
Mynd 26. Hiti og úrkoma á Akureyri dagana fyrir flóð. ....	29
Mynd 27. Vindhraði og vindátt í Grímsey dagana fyrir flóð. ....	29
Mynd 28. Snjóflóðið í Dalsmynni. Þykktin á veginum var mikil .....	30
Mynd 29. Vestari tungan sem fór yfir veginn. Brotstálið sést vel eftir fjallshlíðinni. .	30
Mynd 30. Hiti og úrkoma í Bláfjöllum dagana fyrir flóð. ....	31
Mynd 31. Vindhraði og vindátt í Bláfjöllum dagana fyrir flóð.....	31
Mynd 32. Snjóflóðið í Vífilsfelli. Stórar og harðar blokkir voru í flóðinu. Ljósmynd: Gísli Kristján Gunnsteinsson.....	32
Mynd 33. Útlínur gönguleiðarinnar og flóðsins í Vífilsfelli teiknaðar eftir minni Gísla Kristjáns Gunnsteinssonar. ....	32
Mynd 34. Hiti og úrkoma á Akureyri dagana fyrir flóð.....	33
Mynd 35. Vindur og vindátt í Grímsey dagana fyrir flóð. ....	33
Mynd 36. Merkjárgil í Ljósavatnsskarði. ....	34
Mynd 37. Brotstál flóðsins í Merkjárgili var myndarlegt á köflum .....	34
Mynd 38. Hiti og úrkoma í Neskaupstað dagana fyrir flóð.....	35
Mynd 39. Vindur og vindátt á Fjarðarheiði dagana fyrir flóð.....	35
Mynd 40. Flóðið féll nærri gámum verktaka á svæðinu. ....	36
Mynd 41. Þykkt tungunnar var mikil þar sem flóðið nam staðar við gámana. ....	36
Mynd 42. Hiti og úrkoma í Bláfjöllum dagana fyrir flóð.....	37
Mynd 43. Vindur og vindátt í Bláfjöllum dagana fyrir flóð.....	37
Mynd 44. Snjóflóð í Bláfjöllum. Flóðið rann á blautu undirlagi og á köflum var brotstálið 4–5 metra þykkt.....	38
Mynd 45. Mikil mildi að skíðalyftur skemmdust ekki.....	38

# 1 Inngangur

Annáll þessi nær yfir skráð snjóflóð vetrarins og þær krpa- og aurskriður sem fréttist af um veturinn. Annállinn nær ekki yfir aurskriður sumarsins. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð.

Veturinn 2013–2014 einkenndist af tíðum norðan- og norðaustanáttum með miklum snjóþyngslum á Vestfjörðum og Norðurlandi og mikill snjór var einnig til fjalla á Austfjörðum. Stór snjóflóð féllu á þessum svæðum og á óvenjulegum stöðum. Mikil snjór var í Bláfjöllum og féll stærsta snjóflóð á svæðinu sem Veðurstofan hafði mælt fram að þeim tíma. Talsvert var um lokanir á vegum og útivistarfólk komst í hann krappann. Þrátt fyrir mikla snjóflóðavirkni var eignatjón lítið og fólk slapp með minniháttar meiðsl. Í annálnum er farið nánar yfir tíðarfar, helstu hrinur, lokanir á vegum, tjón og fleira. Nokkur snjóflóð eru einnig tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í viðauka er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem skráðar eru í gagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar höfundu voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar og eru í gagnasafni.

## 2 Tíðarfarsyfirlit

**September.** Mánuðurinn var úrkomusamur og um miðjan mánuð var norðanillviðri líkt því sem var í september 2012 þó skaðinn væri minni nú. Talsvert snjóaði á fjöllum og mánuðurinn var kaldasti september frá 2005 þó hiti hafði verið svipaður árið áður.

**Október.** Úrkoma var með meira móti um landið norðaustanvert en mjög þurrt var suðvestanlands. Mánuðurinn var hægviðrasamur og lengst af snjóléttur á láglandi. Undir lok mánaðarins snjóaði þó á nokkrum stöðum.

**Nóvember.** Mánuðurinn bauð upp á rysjóttu tíð, kalt var um miðjan mánuð á landinu en hlýtt var í síðustu vikunni og vindhraði yfir meðallagi. Úrkoma var einnig yfir meðallagi víða á landinu nema fyrir norðan.

**Desember.** Óróleg tíð var í desembermánuði. Dagana 4.–8. gerði mikið kuldakast en að öðru leyti var hiti nálægt meðallagi. Kaldast var á Vestfjörðum. Mesta úrkoman var á Austfjörðum og yfir meðallagi í flestum landshlutum. Óveður var um jólin og vindhraði almennt yfir meðallagi þennan mánuð.

**Janúar.** Mánuðurinn var nokkuð vindasamur og mikil úrkoma var austanlands en óvenju hlýtt á austanverðu landinu og snjólétt á láglandi.

**Febrúar.** Óvenju eindregin og hvöss austan- og norðaustanátt var ríkjandi í mánuðinum með mikilli snjósöfnun til fjalla á norðanverðum Vestfjörðum og á Norðaustur- og Austurlandi. Aftur á móti var sérlega þurrt inn til landsins á Norðurlandi vestanverðu og um landið vestanvert. Mánuðurinn var hlýr m.v. meðaltalið 1961 til 1990 og snjólétt víðast hvar við sjávarsíðuna en mikill snjór til fjalla truflaði samgöngur.

**Mars.** Umhleytingar og úrkoma einkenndu marsmánuð víða um landið, sérstaklega norð-austan- og austanlands og þar truflaði snjór samgöngur. Hiti var yfir meðallagi um allt land.

**Apríl.** Hlýtt var í veðri og úrkoma nærri meðallagi nema á Austfjörðum þar sem hún var yfir meðallagi. Tíðarfar var frekar hagstætt og illviðri ekki tíð þó nokkuð hvasst hafi verið 17. og 18. apríl.

**Mái.** Tíð var áfram hagstæð, hiti yfir meðallagi víða og lítið um hvassviðri. Úrkoma var neðan við meðallag norðvestanlands og á norðanverðu landinu en yfir því á Suður- og Austurlandi.

### 3 Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

#### 3.1 Yfirlit yfir snjóflóð vetrarins

Veturinn 2013–2014 var snjóþungur í flestum landshlutum og víða var mikil snjódýpt langt fram á vor. Óvenjulegar aðstæður voru á Austfjörðum þar sem mjög snjólítið var neðan 400 metra yfir sjávarmáli en mikil snjódýpt til fjalla. Svo mikil að víða slitnuðu og brotnuðu snjódýptarstikur og snjódýptarmælirinn í Kálfabotnum á Seyðisfirði lét á sjá sökum álags.



*Mynd 1. Snjódýpt í fjöllum ofan Neskaupstaðar seint í janúar. Varnarvirkin að fara í kaf.*

Í þriðju viku septembermánaðar féllu fyrstu flóð á Upsaströndinni í Eyjafirði eftir hret dagana 15.–17. september. Októbermánuður var tíðindalítill að mestu en í kringum 25. október byrjaði að snjóa í fjöll á Vestfjörðum og fleiri flóð féllu á Norðurlandi. Fyrstu dagana í nóvember hélt áhlaupið áfram en sunnanverðir Vestfirðir sluppu þó vel. Snjóflóð féllu á Austurlandi, Norðurlandi og á norðanverðum Vestfjörðum. Rólegt og stöðugt ástand var í lok nóvember um allt land eftir umhleytingar.

Þegar nálgast tók miðjan desembermánuð fóru flóð að falla fyrir austan og norðan með lokunum í Ólafsfjarðarmúla og Oddsskarði. Í lok desember gekk mikil snjóflóðahrina yfir norðanverða Vestfirði með lokunum á vegum og rýmingum, þó aðallega á atvinnuhúsnæði og stökum húsum. Það virðist vera orðin venja hjá snjóflóðavaktfólki að halda jólin í höfuðstöðvum vaktarinnar á Ísafirði og í Reykjavík.

Óveðrið hélt áfram í upphafi nýársins með óvissuástandi á Vestfjörðum og snjóflóðum víða um land. Mikil úrkoma var á Austfjörðum með rigningu að mestu leyti í byggð en snjó kyngdi niður til fjalla. Sett var á óvissustig fyrir Austfirði 17. janúar eftir að snjóflóð féll úr Svartafelli í Oddsskarði, nálægt skíðasvæðinu. Lítið sást til fjalla næstu daga en rigning var á láglandi með

þoku og þann 20. janúar hafði mælst um 150 mm úrkoma síðustu fimm daga á undan. Óvissu-  
stigi var aflétt þann 22. janúar.

Það merkilega við þetta ástand fyrir austan var að það var nánast enginn snjór neðan 400 metra  
en mjög mikil snjódýpt hátt til fjalla. Um miðjan febrúar voru stoðvirkin í Drangagili og  
Tröllagiljum í Neskaupstað komin á kaf að hluta. Eins var svo mikill snjór í fjöllum á  
Seyðisfirði að snjóathugunarmaður man ekki eftir öðru eins. Snjódýptarmælar í Bjólfinum voru  
annaðhvort komnir á kaf eða alveg að hverfa undir snjó. Vaktin ræddi þetta ástand og hve mikið  
væri hægt að treysta á varnarviki þegar snjóþyngsli voru svona mikil.

Fyrstu dagar mars boðuðu snjókomu og óveður víða um land. Á Norður- og Austurlandi snjóaði  
mikið og átti snjódýptarmælirinn í Kálfabotnum einungis 5 cm eftir til að fara í kaf. Á norðan-  
verðum Vestfjörðum var mikill skafrenningur og lokuðust vegir um tíma í Súgandafirði,  
Selabólsurð (vegurinn til Flateyrar) og á Gemlufallsheiði. Mörg snjóflóð féllu fyrir norðan og  
austan í byrjun mars og snjódýptarmælarnir á Ólafsfirði og í Bolungarvík voru komnir í kaf.  
Sett var á óvissustig vegna slæmrar veðurspár fyrir Austurland þann 8.–9. mars. Síðan tók við  
hláka um allt land með mörgum blautum flóðum og var vaktin á tánum meðan það versta gekk  
yfir.

Mikið snjóaði á Norðurlandi eftir miðjan mars og í kjölfarið voru sett upp viðvörðunarskilti við  
hesthúsin á Ólafsfirði. Vel var fylgst með vindátt og vindstyrk, því mikið var af lausamjöll í  
fjöllum. Vetrarveður ríkti næstu dagana með töluverðu álagi á vaktina vegna ýmissa mála víða  
um land. Flóð lokuðu vegum og stórt snjóflóð skemmdi 50 ára stafafurureit í Fnjóskadal svo  
eitthvað sé nefnt. Síðustu daga marsmánaðar hlýnaði í veðri og blautar spýjur féllu víða, m.a.  
úr Sörlagili í Fannardal þann 25. mars sem stöðvaðist rétt við gangamunna nýju Norðfjarðar-  
ganganna.

Hret gerði í kringum 10. apríl sem skapaði þó engin vandræði. Snjóflóðavaktin fékk fregnir af  
tíðum snjóflóðum og óstöðugleika í snjóþekjunni við Örafajökul um miðjan maí. Starfsmenn  
urðu einnig varir við „vúmp“ hljóð og óstöðugleika á Eyjafjallajökli á sama tíma.

Snjór hélst mikill til fjalla vel fram á vorið á norðanverðum Vestfjörðum og víða á Miðnorður-  
landi.




Mynd 2. Snjógryfja við Hvannadalshnjúk þann 15. maí, sýnir greinilega lagskiptingu og  
veikleika í snjóþekjunni. Ljósmynd: Björgvin Hilmarsson.


### 3.2 Snjódýptarmælingar

Að neðan eru þrjú snjódýptarlínurit frá mismunandi landshlutum sem gefa góða mynd af snjósöfnun vetrarins. Um er að ræða lóðréttu snjódýpt sem mæld er á stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð.


Snjósöfnun hélst nokkuð stöðug allan veturinn og langir hlákukafnar gerðu lítið vart við sig. Það byrjaði að snjóa á norðanverðum Vestfjörðum í lok október sem er nálægt meðallagi síðustu ára. Rétt er að taka fram að tvær af þeim stikum á Seljalandsdal sem notaðar hafa verið í annálum til viðmiðunar, voru fallnar þegar byrjaði að snjóa sem gerir samanburð milli ára frekar erfiðan. Snemma byrjaði að snjóa fyrir norðan og snjóflóð féllu á Ufsaströndinni og Tröllaskaga í þriðju viku septembermánaðar. Mikill snjór var á Tröllaskaga langt fram eftir vori. Svo mikill að margir heimamenn telja að álíka snjómagn hafi ekki sést í mörg ár. Eins og áður hefur komið fram voru snjóalög á Austurlandi með sérstökum hætti síðasta vetur. Það var nánast snjólaust í byggð en mikið fannfergi ofan 400 metra hæðar og margar stikur fenntu í kaf bæði á Seyðisfirði og í Neskaupstað.



Mynd 3. Snjódýpt í Seljalandshlíð. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.




Mynd 4. Snjódýpt á Siglufirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 5. Snjódýpt á Seyðisfirði. Hæð stika yfir sjó er tilgreind aftan við stikunafn. Eins og sjá má fóru flestar stikur á kaf um mánaðamótin febrúar/mars.

### 3.3 Skráning snjóflóða og útlína í gagnagrunna Veðurstofunnar

Í ofanflóðagagnasafni Veðurstofu Íslands eru skráðar 757 snjóflóðafærslur frá þessum vetri en flóðin eru töluvert fleiri því stundum eru mörg lítil flóð í sömu skráningunni. Einungis veturinn á undan (2012–2013) er með fleiri snjóflóðafærslur en þann vetur voru þær 845 talsins. Í mars eru flestar færslur skráðar eða 276 en mynd 1 sýnir hvernig fjöldi skráninga skiptust eftir mánuðum samanborið við undanfarna sex vetur. Eins og sést féllu mörg flóð yfir vetrarmánuðina og aldrei hafa verið skráðar jafnmargar snjóflóðafærslur í einum mánuði og í mars. Vissulega féllu mörg flóð þennan vetur en hafa þarf í huga að mun fleiri flóð eru skráð nú en áður. Því þarf að taka allan samanburð milli ára með fyrirvara.




Mynd 6. Fjöldi snjóflóðafærslna í hverjum mánuði samanborið við undanfarna sex vetur.

Flestar snjóflóðafærslur eru skráðar á Norðurlandi eða 299. Á Austfjörðum eru skráðar 212 færslur og á Vestfjörðum eru 205 færslur. Eins og gefur að skilja eru þetta þó aðeins ákveðnar



vísbendingar um raunverulegan fjölda snjóflóða, því fjöldi snjóflóða geta fallið á svæðum þar sem engin verður þess var. Flestir snjóathugunarmenn Veðurstofunnar starfa einnig á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum og eðlilegt að margar færslur komi frá þessum svæðum.



Mynd 7. Fjöldi snjóflóðafærslna eftir landshlutum.

Af þeim 759 færslum sem skráðar voru þennan vetur, eru 317 flóð með útlínunum í kortagrunni VÍ. Ástæður fyrir því að þau eru ekki fleiri eru m.a. að oft eru ekki til ljósmyndir eða nákvæm staðsetning er ekki þekkt, eða að um smá eða ómerkileg flóð var að ræða.

### 3.4 Óvissustig og rýmingar

Fjórum sinnum var lýst yfir óvissustigi. Eins var fjórum sinnum gripið til rýminga og í öll skiptin á norðanverðum Vestfjörðum. Í flestum tilfellum var um að ræða atvinnuhúsnæði eða sveitabæi.

Tafla 1. Viðbúnaðarástand og rýmingar veturinn 2013–2014.

Staður	Hvar	Sett	Aflýst	Tegund
Norðanverðir Vestfirðir		25.12.2013 15:00	29.12.2013 09:30	Óvissustig
Norðanverðir Vestfirðir		1.1.2014 19:00	8.1.2014 17:00	Óvissustig
Austurland		17.1.2014 11:00	22.1.2014 13:40	Óvissustig
Austurland		8.3.2014 15:00	9.3.2014 08:40	Óvissustig
Ísafjörður	Reitur 9	25.12.2013 19:00	28.12.2013 10:30	Rýming
Hnífsdalur	Reitur 8	27.12.2013	28.12.2013 10:30	Rýming
Bolungarvík	Geirastaðir	27.12.2013	28.12.2013 10:30	Rýming
Ísafjörður	Reitur 9	7.1.2014	8.1.2014 15:00	Rýming

### 3.5 Snjóflóð á vegi

Snjóflóð féllu á vegi víða um land þennan vetur. Ekki er fjallað um öll þessi flóð hér en stutt samantekt er á aðstæðunum sem sköpuðust á norðanverðum Vestfjörðum 19.–27. desember.

Súðavíkurhlíð var lokað frá kvöldi 23. desember og opnað kl. 11:30 á aðfangadag. Hlíðinni var aftur lokað sama dag kl. 16:00. Ekki var opnað aftur fyrr en 28. desember kl. 9:30 um morguninn.

Skutulsfjarðarbraut var lokað 25. desember kl. 23:40 eftir að þunn tunga fór yfir veginn. Vegurinn var opnaður aftur fyrir almennri umferð daginn eftir kl. 10:00 en undir eftirliti fram eftir degi.

Töflur 4 og 5 sýna lista Vegagerðarinnar yfir þau snjóflóð sem féllu á vegi og ryðja þurfti í gegnum á norðanverðum Vestfjörðum seinni hluta desembermánaðar.

Tafla 2. Snjóflóð yfir vegi á Súðavíkurhlíð og Skutulsfirði 19.–27. desember 2013.

Vegur nr.	Staður	Gil nr.	Dags.	Úrkoma	Þykkt á vegi (m)	Breidd á vegi (m)	Snjór Þurr / Blautur	Aðrar upplýsingar
61-38		15	19.12.13	Lítill	1,5	20	Þurr	
		16	19.12.13	Skafrenn.	1,0	10	Þurr	
		18	19.12.13	Skafrenn.	1,5	20	Þurr	
		20	19.12.13	Skafrenn.	1,0	15	Þurr	
		22	19.12.13	Skafrenn.	0,5	10	Þurr	
		2	19.12.13	Skafrenn.	0,3	5	Þurr	
61-38		13	24.12.13	Já	1,0	47	Þurr	Súðavíkurhlíð
61-38	Djúpagil	22	24-27.12	Já	3,5	90	Þurr	
	Fjargil	21	24-27.12	Já	2,2	50	Þurr	
	Innan við	18	24-27.12	Já	0,4	10	Þurr	Lítið
	3140	13	24-27.12	Já	1,2	45	Þurr	Allstórt
		8	24-27.12	Já	1,5	40	Þurr	Allt á vegi
	4050	2	24-27.12	Já	1,6	40	Þurr	Allstórt
61-39	2525		27.12.13	Já	0,8	35	þurr	Kirkjubólshlíð
"	2790		27.12.13	Já	1,2	50	þurr	"
"	3300		27.12.13	Já	0,8	50	þurr	"
61-43	825		27.12.13		0,4	10	Þurr	Hnífsdalsvegur
	876		27.12.13		0,7	60	Þurr	Klofið flóð
	1370							Flóð á hryggnum
	1980							"

Tafla 3. Snjóflóð yfir vegi á norðanverðum Vestfjörðum 19.–27. desember 2013. Aðrir staðir

Vegur nr.	Staður	Gil nr.	Dags.	Úrkoma	Þykkt á vegi (m)	Breidd á vegi (m)	Snjór Þurr / Blautur	Aðrar upplýsingar
64-01	1.450		24.12.13	Já	0,6	50	Þurr	Innan Urðar
65-02	700		26.12.13	Já	2,0	90	Þurr	Fleki undir Nónhorni
61-35	6.730		26.12.13	Já	1,2	50	Þurr	Sjötúnahlíð
61-36	6.960		27.12.13	Já	0,4	25	Þurr	Sjötúnahlíð
61-39	3.300		30.12.13	Já	0,5	40	Þurr	

### 3.6 Fólk í snjóflóðum

Eins og undanfarin ár, þá komst útivistarfolk nokkrum sinnum í hann krappan í tengslum við snjóflóð. Í 16 tilfellum kom fólk af stað snjóflóðum og þá var í flestum tilvikum um að ræða fólk á vélsleðum eða skíðum og í einu tilfelli tagnaði göngumaður á fæti eftir að hafa lent í flóði. Snjóflóð ollu litlu fjárhagslegu tjóni þennan vetur. Helsta tjónið varð vegna flóða sem féllu yfir vegi eða skemmdu girðingar, raflínustaura og tré en snjóflóð ollu ekki tjóni á byggingum.

Sleðamenn settu af stað snjóflóð 15. febrúar við Frostastaðavatn á Fjallabaki en þeir náðu að keyra út úr því.

Við Illakamb í Halldórsdal á Fjallabaki féll snjóflóð 22. febrúar þegar fjórir vélsleðamenn voru á ferð niður dalinn. Einn vélsleði grófst en ökumaðurinn náði að hoppa af honum í tæka tíð. Sama dag féll annað snjóflóð í nágrenni Landmannalauga eða norðaustan við Frostastaðaháls og slapp ökumaður með skrekkin. Mikill óstöðugleiki var á Fjallabaki á þessum tíma.

Lítill snjófleki sprakk undan skíðamanni þann 3. mars í norðanverðum Sauðdal í Ólafsfjarðarmúla og náði skíðamaðurinn að renna sér út úr flóðinu.

Tveir göngumenn lentu í snjóflóði í Vífilfelli þann 9. mars þegar þeir voru á leið niður fjallið og bárust um 40–50 metra niður hlíðina. Annar þeirra tagnaði á fæti en mildi var að ekki fór verr.

Þann 13. apríl settu þyrluskíðamenn af stað flóð í suðurhlíð Skersgnípu á Látraströnd en sluppu með skrekkin. Sama dag settu þyrluskíðamenn einnig af stað snjóflóð í Hestskarðshnjúki á Siglufirði. Snjóflóðaspáin var á stigi 4 fyrir Tröllaskaga þennan dag og sérstaklega tekið fram að fjallafólk gæti sett af stað snjóflóð.

Snjóflóð féll undan vélsleðamanni neðan við hengju, upp undir fjallsbrún við botn Leirdals 24. apríl. Tveir vélsleðamenn náðu með naumindum að forða sér undan flóðinu.

Snjóflóðaspýjur fóru af stað í yfirborðinu í skíðaslóðum fimm skíðamanna innarlega á Ytri-Árdal neðan Vatnsendaskarðs 8. maí. Þær náðu talsverðum hraða en voru þunnar og stöðvuðust í brekkurótum. Allir renndu sér út úr slóðum sínum áður en spýjurnar náðu þeim.

## 4 Nýjungar hjá snjóflóðavaktinni

Mikilvægt er að upplýsingar um helstu snjóflóð berist til Veðurstofu Íslands því að vinna við snjóflóðarannsóknir byggir á góðum upplýsingum. Í upphafi vetrar var því tekin í notkun ný bloggsíða sem er opin fyrir fagaðila í snjóflóðum, þ.e.a.s. alla þá sem þurfa að glíma við snjóflóðahættu vegna starfa sinna. Bloggsíðan veitir snjóflóðavaktinni upplýsingar um flóð á svæðum sem að öðrum kosti hefðu ekki fengist og er kærkomin viðbót til að meta snjóflóðaaðstæður á landinu. Síðan veitir fjallaleiðsögumönnum og öðrum sem ferðast um fjöll að vetrarlagi betri upplýsingar en áður um snjóflóðaaðstæður til fjalla. Þessi viðbót í þjónustu snjóflóðavaktarinnar er kærkomin og hefur verið vel tekið af þeim sem hana nýta. Eins var byrjað að birta opnar færslur af bloggi snjóflóðavaktarinnar sem fréttir á opnum vef Veðurstofunnar, undir snjóflóðasíðunni.

Snjóflóðavaktin hóf einnig að gera snjóflóðaspár á ákveðnum vegum fyrir Vegagerðina. Spáin er gerð á hverjum virkum degi og um helgar ef þurfa þykir. Hættustigin eru fjögur og er sendur póstur á Vegagerðina ef vaktin telur hættuna 2 eða hærri.

## 5 Helstu snjóflóð

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eins og tjón, stærð, staðsetning og lokanir á vegum eru skoðaðir til að meta það hvort flóð teljist merkvert. Flóð sem valda eignatjóni eða skaða á fólki eða dýrum teljast alltaf markverð. Stór og mikil snjóflóð teljast oft markverð en ekki endilega ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð eru tíð. Meðalstórt snjóflóð sem fellur á mjög óvenjulegum stað gæti talist merkvert. Það er því misjafnt eftir árum hvaða þættir eru metnir og breytilegt eftir flóðum. Hverju flóði fylgir stutt lýsing, kort með útlínunum, línurit sem sýna veðuraðdraganda flóðanna og myndir ef til eru.

Tafla 4. Markverð snjóflóð veturinn 2013–2014

Flóð	Staðsetning	Landsvæði	Dagsetning	Stærð
51759	Steiniðjugil á Ísafirði	Vestfirðir	25. des. 2013	3,5
51771	Óshvilft við Bolungarvík	Vestfirðir	24.–26. des 2013	3,5
51762	Sandvík í Ljósavatnsskarði	Norðurland	25. des 2013	4
51841	Grefilsgil í Fnjóskadal	Norðurland	3. jan. 2014	4
51860	Botn í Súgandafirði	Vestfirðir	5. janúar 2014	3,5
52036	Þverárfjall í Dalsmynni	Norðurland	14. febrúar 2014	3,5
52185	Vífilsfell á Hellisheiði	Suðvesturland	9. mars 2014	2,5
52320	Merkjargil í Ljósavatnsskarði	Norðurland	20.–21. mars 2014	3,5
52280	Sörlagil í Fannardal	Austfirðir	25. mars 2014	3
52355	Skíðasvæðið í Bláfjöllum	Suðvesturland	26. mars 2014	3

Veðuraðdragandi snjóflóðanna var skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Valdar voru veðurstöðvar sem voru næstar umræddum flóðum til þess að fá sem besta mynd af veðurfari dagana á undan flóðunum. Í viðauka I eru fleiri veðurþættir kannaðir til þess að fá gleggri mynd af veðuraðdraganda flóðanna.

Tafla 5. Veðurstöðvar notaðar við að greina einstaka þætti í veðuraðdraganda helstu snjóflóða vetrarins. Notast var við veðurstöðvar sem næst viðkomandi flóðum. Óvíst er að snjódýptarmælingar langt frá upptakasvæðum snjóflóðanna séu marktækar, en þær fá þó að fylgja með.

Flóð	Úrkoma	Hiti	Vindur	Snjódýpt
51759	Ísafjörður	Ísafjörður	Steingrímsfjarðarheiði	Seljalandsdalur
51771	Ísafjörður	Ísafjörður	Steingrímsfjarðarheiði	
51762	Akureyri	Akureyri	Grímsey	Tindaöxl
51841	Akureyri	Akureyri	Grímsey	Tindaöxl
51860	Bolungarvík	Bolungarvík	Þverfjall	Traðargil
52036	Akureyri	Akureyri	Grímsey	Tindaöxl
52185	Bláfjöll	Bláfjöll	Bláfjöll	
52320	Akureyri	Akureyri	Grímsey	Tindaöxl
52280	Neskaupstaður	Neskaupstaður	Fjarðarheiði	Drangagil
52355	Bláfjöll	Bláfjöll	Bláfjölls	

Veðurstöðvarnar gefa þó aðeins vísbendingar um veðrið á þeim stað sem snjóflóðið féll vegna áhrifa frá landslagi, fjarlægð veðurstöðva frá viðkomandi flóði o.fl. Veðurstöðvar geta einnig dottið út vegna ísingar eða bilana en þá eru sótt gögn frá næstu veðurstöð sem getur verið í talsverðri fjarlægð. Fjalllendi hefur mikil áhrif á vindstyrk og vindátt og þess vegna er veðurstöðin í Grímsey notuð til þess að fá hugmynd um þessa veðurþætti fyrir flóðin í Fnjóskadal. Landslag og fjöll hafa einnig mikil áhrif á úrkomu og gera má ráð fyrir að úrkoma hafi verið talsvert meiri á upptakasvæði flóðanna en línuritinn sýna. Þetta á sérstaklega við um flóðin í Fnjóskadal en þar er úrkoma sýnd eins og hún mældist á Akureyri.

Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð er það teiknað sem græn lóðrétt lína. Ef nákvæm tímasetning er ekki til er tímabilið sýnt sem grænt bil.

## 5.1 Steiniðjugil 25. desember

**Flóð nr:** 51759

**Staður:** Steiniðjugil

**Tími:** 25. desember, kl. 20:00

**Stærð:** 3

**Upptakahæð:** u.þ.b. 600 m


**Stöðvunarhæð:** 0 m

**Meðalbreidd tungu:** 90 m

**Tegund:** Þurrt flekahlaup


### 5.1.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing

Um klukkan 20:00 þann 25. desember féll snjóflóð úr Steiniðjugili ofan Ísafjarðar og lokaði veginum upp á skíðasvæðið á Seljalandsdal. Þunn tunga fór einnig yfir Skutulsfjarðarbraut og líklega út í sjó og var veginum lokað í kjölfarið. Mikill kraftur virðist hafa verið í flóðinu en snjór sprautaðist langt upp á veggi byggingar Gámaþjónustu Vestfjarða.




### 5.1.2 Veðuraðdragandi

NA-átt var ríkjandi til fjalla dagana fyrir flóð. Ekki svo mikil úrkoma og bleyta í byggð til að byrja með. Aðfaranótt 24. desember kólnaði og hvessti til muna með NA-stormi sem snérist svo í hánorðan um tíma og þá sást snjósöfnun í Traðargil og Súðavíkurlíð. Annars nokkuð hæg en stöðug snjósöfnun á Seljalandsdal. Veðurstöðin á Þverfjalli var biluð en upplýsingar um vind og vindátt eru fengnar frá Steingrímsfjarðarheiði.




Mynd 8. Hiti og úrkoma á Ísafirði dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.



Mynd 9. Vindhraði og vindátt á Steingrímsfjarðarheiði dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.

### 5.1.3 Myndir af flóðinu í Steiniðjugli



Mynd 10. Á myndinni sést vel hvernig snjór hefur sprautast upp um vegg gamla steypusílósin sem er um 25 metra hátt.

## 5.2 Óshvilft 24.–26. desember

**Flóð nr.** 51771

**Staður:** Óshvilft við Bolungarvík

**Tími:** 24.–26. desember

**Stærð:** 3,5

**Upptakahæð:** u.þ.b. 600 m


**Stöðvunarhæð:** 20 m

**Meðalbreidd tungu:** 250 m

**Tegund:** Þurrt flekahlaup


### 5.2.1 Útlínur flóðsins og stutt lýsing

Einhvern tímann á tímabilinu 24.–26. desember féll feiknastórt snjóflóð úr Óshvilft í Bolungarvík. Jóhann Hannibalsson snjóathugunarmaður í Bolungarvík hefur ekki séð svona stórt flóð úr hvilftinni farvegur flóðsins var um 50 m frá bænum Fremri-Ós. Sunnan við bæinn náði flóðið lengra niður á láglandið og braut girðingar. Ábúandi var heimavið þegar flóðið féll en varð þess ekki var. Vonsku veður var og lítið sást til fjalla þegar flóðið féll en 1. janúar voru teknar myndir uppá hvilftina þar sem greina mátti þykkt brotstál rétt undir klettabeltinu efst í skálinni.




## 5.2.2 Veðuraðdragandi

NA-átt var ríkjandi til fjalla dagana fyrir flóð. Ekki svo mikil úrkoma og bleyta í byggð til að byrja með. Aðfaranótt 24. desember kólnaði og hvessti til muna með NA-stormi sem snérist svo í hánorðan um tíma og þá sást snjósöfnun í Traðargil og Súðavíkurhlíð. Annars nokkuð hæg en stöðug snjósöfnun á Seljalandsdal. Veðurstöðin á Þverfjall var biluð en upplýsingar um vind og vindátt eru fengnar frá Steingrímsfjarðarheiði.



Mynd 11. Hiti og úrkoma á Ísafirði dagana fyrir flóð. Flóðið féll innan græna bilsins.



Mynd 12. Vindhraði og vindátt á Steingrímsfjarðarheiði dagana fyrir flóð. Flóðið féll innan græna bilsins.

## 5.2.3 Myndir af flóðinu úr Óshvilft



Mynd 13. Útlínur snjóflóðsins úr Óshvilft. Bærinn Fremri Ós sést vel á myndinni.



### 5.3 Ljósavatnsskarð 25.–26. desember

**Flóð nr.** 51762

**Staður:** Ljósavatnsskarð

**Tími:** 25.–26. Desember

**Stærð:** 4

**Upptakahæð:** 650 m

**Stöðvunarhæð:** 100 m


**Meðalbreidd tungu:** 220 m

**Tegund:** Flekahlaup

#### 5.3.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing


Stórt snjóflóð féll á veginn um Ljósavatnsskarð og lagði niður vegrið. Flóðið féll í svokallaðri Sandvík og reif ís af lóni sem er ofan við veginn. Mokað var í gegnum flóðið fljótlega eftir að það féll. Tvær tungur voru í víkinni austan Brúnkolluhóls, sú eystri fór rétt yfir veg á um 80 m kafla en hin var um 90 m breið og fór um 40 m út í Ljósavatn, sunnan þjóðvegjar.

Tungan vestur undir Merkjárgili var mjög ógreinileg og sömuleiðis upptökin sem virtust vera við fjallsbrúnina í um 600 m hæð. Greinilegt brotstál sást hins vegar langt austur frá Merkjárgili og talið líklegast að um samfelld brotstál hafi verið að ræða. Fjallsbrúnn er í um 700 m hæð við Merkjárgil og þar var brotstálið um 1,5–2 m þykkt.




#### 5.3.2 Veðuraðdragandi og myndir

NA stórhrið en slydda eða rigning í byggð 23.–25. desember. Norðanátt aðfaranótt 25. desember og kólnandi veður. Úrkoma í Ólafsfirði 30 mm 22.–23. desember.



Mynd 14. Hiti og úrkoma á Akureyri dagana fyrir flóð. Flóðið féll innan græna bilsins.



Mynd 15. Vindhraði og vindátt í Grímsey dagana fyrir flóð. Flóðið féll innan græna bilsins.

### 5.3.3 Myndir af flóðinu í Ljósavatnsskarði



*Mynd 16. Unnið að mokstri á flóðinu í Ljósavatnsskarði.*



*Mynd 17. Vestari tungan náði um 40 m út á ísilagt Ljósavatn.*

## 5.4 Grefilsgil í Fnjóskadal 3. janúar

Flóð nr. 51841

Staður: Grefilsgil í Fnjóskadal

Tími: 3. janúar

Stærð: 4

Upptakahæð: 1080 m


Stöðvunarhæð: 20 m

Meðalbreidd tungu: 250 m

Tegund: Flekahlaup


### 5.4.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing

Þann 3. janúar féll stórt snjóflóð úr Grefilsgili og yfir veginn á 550 m breiðu svæði og endaði niður í Fnjóská. Flóðið var 3–4 m þykkt á vegi og hafði veghefill nýlega mokað veginn og komst ekki til baka. Flóðið var stórt og brotstálið mjög þykkt á nærri 800 m kafla sem getur útskýrt stærð flóðsins. Stærð flóðsins gæti einnig skýrst af því að upptökin hafi náð lengra út að austan. Flóðið hefur verið 6–10 m þykkt í gilkaftinum þegar það flæddi þar um af fullum þunga. Töluvert köggladreif var vestan við gilkaftinn þar sem flóðið hafði frussast upp úr farveginum og yfir hól eða stall sem þar er. Líkt og oft í flóðum sem eru blaut í tungu, voru margir jaðargarðar hver innan í öðrum. Brotstál sást greinilega á um 800 m kafla skammt neðan fjallsbrúnar, sem skafið hafði mikið í. Stálið var mjög þykkt eða um 2–3 metrar víðast hvar og mest um 5–7 metrar.




### 5.4.2 Veðuraðdragandi

Ríkjandi NA-átt var dagana fyrir flóð og hitastigið í kringum 0–2°C í byggð. Talsverð úrkoma var einnig með þessari NA-átt og gera má ráð fyrir að hún hafi verið töluvert meiri í fjöllumum við Fnjóskadal en lesa má úr mynd 17.



Mynd 18. Hiti og úrkoma á Akureyri dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.



Mynd 19. Vindhraði og vindátt í Grímsey dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.

### 5.4.3 Myndir af í Grefilsgili



*Mynd 20. Á myndinni sést þykkt snjóflóðsins vel þar sem það fór yfir veginn í Fnjóskadal*



*Mynd 21. Þykkt brotstálsins í Grefilsgili var mjög mikil.*

## 5.5 Botn í Súgandafirði 4.–5. janúar

Flóð nr. 51860

Staður: Botn í Súgandafirði

Tími: 4.–5. janúar

Stærð: 3,5

Upptakahæð: u.þ.b. 580 m


Stöðvunarhæð: 0 m

Meðalbreidd tungu: 200 m

Tegund: Þurrt flekahlaup


### 5.5.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing

Víðáttumikið snjóflóð féll utan við bæinn Botn í Súgandafirði og ofan í lónið sem þar er. Flóðið reif upp ís af lóninu og fyllti lónið. Starfsmenn Veðurstofunnar sem fóru á staðinn, höfðu aldrei áður mælt flóð sem dreifðist yfir jafn stórt svæði en það fór yfir stóran hluta nýja vegarins yfir lónið og yfir brúna sem þar er. Gamall símastaur sem notaður er til að flytja rafmagn fyrir rafmagnsgirðingar yfir ána skekkist í flóðinu. Staurinn hefur staðið á þessum stað í rúm þrjú ár. Mjög mikill snjór var í botni Súgandafjarðar á þessum tíma og líklega sá mesti síðan árið 1999 sem gerði bændum erfitt fyrir.




### 5.5.2 Veðuraðdragandi

Ríkjandi NA-átt var dagana fyrir flóð. Vindmælirinn á Þverfjalli komst í lag aðfaranótt 4. janúar og sýna gögn frá honum að norðaustan 15–20 m/s voru á fjallinu áður en flóðið féll. Samfelld úrkoma var í Bolungarvík dagana fyrir flóð og var hitastig í kringum og undir frostmarki. Úrkoma jókst talsvert aðfaranótt 5. janúar og flóðið féll svo fljótlega á eftir.



Mynd 22. Hiti og úrkoma í Bolungarvík dagana fyrir flóð. Flóðið féll innan græna bilsins.



Mynd 23. Vindhraði og vindátt á Þverfjalli dagana fyrir flóð. Flóðið féll innan græna bilsins.

### 5.5.3 Myndir af flóðinu í Súgandafirði



*Mynd 24. Mikill snjór var í Súgandafirði þegar flóðið fell. Köggarnir úr flóðinu sjást á flatlendinu og símastaurinn sem skekkist.*



*Mynd 25. Snjóflóðið fór yfir hluta nýja vegarins og brúna sem þar er.*

## 5.6 Þverárfjall í Dalsmynni 14. febrúar

Flóð nr. 52036

Staður: Þverárfjall í Dalsmynni

Tími: 14. febrúar

Stærð: 3,5

Upptakahæð: u.þ.b. 620 m

Stöðvunarhæð: 60 m


Meðalbreidd tungu: 45 m

Tegund: Þurrt flekahlaup

### 5.6.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing


Breitt snjóflóð féll í Þverárfjalli í Dalsmynni og rann lengst niður eftir Stóragili. Landpósturinn kom fyrstur að flóðinu og tilkynnti flóðið til Vegagerðarinnar.

Stöðvaðist flóðið um 20 m neðan vegar og var tæplega 7 m þykkt á vegi og 45 m breitt. Flóðið var þykkast í Stóragili en náði einnig niður undir veg í næstu gilskoru austan við. Greinilegt brotstál sást á um 450 m kafla nokkru fyrir neðan fjallsbrún. Mikill snjór var í Dalsmynni á þessum tíma. Algengt er að þarna falli snjóflóð en ekki ná þau öll niður á veg.




### 5.6.2 Veðuraðdragandi

Norðaustan og austan hraglandi og rigning í byggð 12. og 13. febrúar en svo kólnaði heldur þann 14 um svipað leiti og flóðið féll. Flóðið gæti hafa fallið einhverjum klukkustundum seinna en sýnt er á myndunum en það sást um morguninn.



Mynd 26. Hiti og úrkoma á Akureyri dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.



Mynd 27. Vindhraði og vindátt í Grimsey dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.

### 5.6.3 Myndir af flóðinu í Þverfjalli



*Mynd 28. Snjóflóðið í Dalsmynni. Þykktin á veginum var ansi mikil eins og sést á myndinni.*



*Mynd 29. Vestari tungan sem fór yfir veginn. Brotstálið sést vel eftir fjallshlíðinni.*



## 5.7 Vífilsfell 9. mars

Flóð nr. 52185

Staður: Vífilsfell

Tími: 9. mars kl. 16:10

Stærð: 2,5

Upptakahæð: 460 m

Stöðvunarhæð: 300 m


Meðalbreidd tungu: Óskráð

Tegund: Flekahlaup

### 5.7.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing


Tveir göngumenn lentu í snjóflóði í Vífilsfelli og bárust um 40–50 metra niður hlíðina. Annar þeirra tagnaði illa á fæti. Mennirnir voru á niðurleið þegar þeir heyrðu mikinn hvell og tóku eftir að harður flekinn undir þeim byrjaði að gliðna í sundur. Þeir bárust með flóðinu um 40–50 metra en flóðið var 300–500 metra langt.

Flóðið var kögglótt og sumar blokkirnar mjög stórar og harðar. Mennirnir eru báðir vanir útivistarmenn og voru búnir ísöxum og broddum vegna færðarinnar. Snjóflóðaylar eða annar snjóflóðabúnaður var ekki með í för.




### 5.7.2 Veðuraðdragandi og myndir

Nokkuð samfelld úrkoma í suðlægum áttum 5.–8. mars og hitastig undir frostmarki. 8. mars snérist vindur í NA-átt og svo í NV-átt aðfaranótt þann 9. mars. Úrkoma hélt áfram og hiti var undir frostmarki.



Mynd 30. Hiti og úrkoma í Bláfjöllum dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.



Mynd 31. Vindhraði og vindátt í Bláfjöllum dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.

### 5.7.3 Myndir af flóðinu í Vífilselfelli



*Mynd 32. Snjóflóðið í Vífilselfelli. Stórar og harðar blokkir voru í flóðinu. Ljósmynd: Gísli Kristján Gunnsteinsson.*



*Mynd 33. Útlínur gönguleiðarinnar og flóðsins í Vífilselfelli teiknaðar eftir minni Gísla Kristjáns Gunnsteinssonar.*


## 5.8 Merkjárgil í Ljósavatnsskarði 20.–21. mars

**Flóð nr:** 52320  
**Staður:** Merkjárgil  
**Tími:** 20.–21. mars  
**Stærð:** 3,5

**Upptakahæð:** u.þ.b. 800 m  
**Stöðvunarhæð:** 60 m  
**Meðalbreidd tungu:** 110 m  
**Tegund:** Þurrt flekahlaup


### 5.8.1 Útlínur flóðs og stutt lýsing

Stórt snjóflóð féll úr Merkjárgili í Ljósavatnsskarði. Um tíma var óttast um tjón á lítilli rafveitu í gilinu. Flóðið rann mjög langt eða um 2640 m í láréttu plani sem gerir um  $15^\circ$  úthlaupshorn og er stærsta flóð sem vitað er um úr þessu gili. Snemma í febrúar féll annað flóð úr gilinu sem náði nokkra tugi metra fram yfir inntaksstífluna, svo hún endaði á 5–7 m dýpi. Þá fór rafmagnið í rúmar sex klukkustundir meðan áin ruddi sér leið undir flóðið. Í gilinu falla nokkur snjóflóð á hverjum vetri (þá fer rafmagnið eða minnkar um stund), en aðeins þrisvar áður hafa þau náð fram fyrir inntak rafstöðvarinnar. Næststærsta flóð úr Merkjárgili sem vitað er um féll árið 1999 en það var u.þ.b. 600 m styttra en þetta flóð. Árið 2009 féll skriða í sama gili og olli nokkru tjóni á inntaksstíflu og þrýstipípu.




### 5.8.2 Veðuraðdragandi og myndir

Hvöss ANA og NA átt með snjókomu frá miðvikudegi 19. mars fram á aðfaranótt laugardags 22. mars.



Mynd 34. Hiti og úrkoma á Akureyri dagana fyrir flóð. Flóðið féll innan græna bilsins.



Mynd 35. Vindur og vindátt í Grímsey dagana fyrir flóð. Flóðið féll innan græna bilsins.

### 5.8.3 Myndir af flóðinu í Merkjárgili í Fnjóskadal



*Mynd 36. Merkjárgil í Ljósavatnsskarði. Á myndinni sést að flóðið rann ansi langt í mjög litlum bratta.*



*Mynd 37. Brotstál flóðsins í Merkjárgili var myndarlegt á köflum*

## 5.9 Fannardalur vestan Neskaupstaðar 25. mars

Flóð nr. 52280

Staður: Sörlagil í Fannardal

Dagsetning: 25. mars

Stærð: 3

Upptakahæð: 900 m


Stöðvunarhæð: 150 m

Meðalbreidd tungu: 150

Tegund: Vott flekahlauþ


### 5.9.1 Útlínur flóðsins og stutt lýsing

Nokkuð stórt snjóflóð féll úr Sörlagili í Fannardal þar sem unnið er að greftri Nordfjarðarganga. Flóðið kom úr gili fyrir ofan geymslugáma á athafnasvæði verktaka sem grefur göngin og háir ruðningar staðnæmdust í um fimm metra fjarlægð frá gámunum og 5–10 metra frá veginum. Tungan var um 3 metrar á þykkt. Mikið hafði rignt dagana á undan og um 35 mm síðasta hálfu sólarhringinn áður en flóðið féll. Snjóflóð féllu einnig í Fannardal fyrir í mánuðinum en ekki eins nærri mannvirkjum.




### 5.9.2 Veðuraðdragandi

SA hvassviðri var á Fjarðarheiði sólarhringinn fyrir flóð. Mikil rigning var í Neskaupstað á sama tíma og hitastig 4–8°C.



Mynd 38. Hiti og úrkoma í Neskaupstað dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.



Mynd 39. Vindur og vinddætt á Fjarðarheiði dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.

### 5.9.3 Myndir af flóðinu í Fannardal



Mynd 40. Flóðið féll nærri gámum verktaka á svæðinu.



Mynd 41. Þykkt tungunnar var mikil þar sem flóðið nam staðar við gámana.

## 5.10 Breitt snjóflóð í Bláfjöllum 26. mars

**Flóð nr.** 52355

**Staður:** Skíðasvæðið í Bláfjöllum

**Dagsetning:** 26. mars, kl. 18:00

**Stærðarflokkur:** 3

**Upptakahæð:** u.þ.b. 680 m

**Stöðvunarhæð:** 520 m

**Meðalbreidd tungu:** 500 m


**Tegund:** Vott flekahlaup

### 5.10.1 Útlínur flóðsins og stutt lýsing

Snjóflóðavaktin fékk tilkynningu um snjóflóð í Bláfjöllum eftir mikla rigningu. Það var ekki laust við að starfsmanni vaktarinnar hafi brugðið í brún þegar hann kom á svæðið. Mjög breitt flóð hafði fallið innan um lyftumannvirkin á Suðursvæðinu og í gegnum þrjár lyftur án þess að valda tjóni nema á tveimur ljósa-staurum. Snjóflóðið var mjög kögglótt og líklega runnið frekar hægt ofan á vatns-mettuðum snjónum. Í raun er ótrúlegt að flóðið skyldi ekki valda tjóni á mannvirkjum.


Fjöldi snjóflóða féllu í Bláfjöllum á svipuðum tíma, mörg hver ansi myndarleg.

Brotstálið var áætlað um 4–5 metra þykkt þar sem það var þykkast og hlykkjaðist eftir brúninni. Þetta er stærsta snjóflóð sem Veðurstofan hefur mælt í Bláfjöllum. Svæðið var ekki opið þegar flóðið féll vegna slæms veðurs. Snjóflóð féll á sama stað í febrúar 1995 en það var mun minna.




### 5.10.2 Veðuraðdragandi

Mikil úrkoma var í Bláfjöllum 24. mars og svo aftur snemma dags 26. mars. Þá rigndi meira en 100 mm á 12 klst og var þetta fyrsta stóra rigningin í Bláfjöllum þennan vetur. Blotnaði vel í snjónum, svo mjög að í sumum brekkunum blánaði snjórinn að sögn starfsmanna. Hitastig var í kringum frostmark 25. mars en hækkaði svo í tæpar 4°C samfara úrkomunni 26. mars. Vindur var hvass að sunnan (10–20 m/s) dagana fyrir flóðið.



Mynd 42. Hiti og úrkoma í Bláfjöllum dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.



Mynd 43. Vindur og vindátt í Bláfjöllum dagana fyrir flóð. Flóðið er sýnt sem græn lína.

### 5.10.3 Myndir af flóðinu á skíðasvæðinu í Bláfjöllum



*Mynd 44. Snjóflóð í Bláfjöllum. Flóðið rann á blautu undirlagi og á köflum var brotstálið 4–5 metra þykkt.*



*Mynd 45. Mikil mildi að skíðalyftur skemmdust ekki.*



## 6 Helstu hrinur vetrarins

Í gagnagrunni Veðurstofunnar eru skilgreindar hrinur snjóflóða þegar ástæða þykir til. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama óveðrinu með nokkurra daga tímabili og yfirleitt í sama landshluta. Í gagnagrunninn eru skráðar 12 hrinur þennan vetur. Fjöldi flóða í hverri hrinu getur verið talsvert meiri en tafla 6 sýnir því oft eru mörg flóð í sömu færslunni. Í hrinu 45 eru t.d. bara tvær færslur en önnur þeirra er í raun yfir 20 flóð sem öll féllu í Þórsmörk og nágrenni.

Tafla 6. Snjóflóðahrinur vetrarins.

Hrina	Svæði	Tímabil	Fjöldi færsla
33	Tröllaskagi	17.–20.9 2013	9
37	Norðanverðir Vestfirðir	23.–27.12 2013	18
38	Tröllaskagi og Fnjóskadalur	23.–27.12 2013	13
40	Neskaupstaður og Seyðisfjörður	12.2.2014	23
39	Norðanverðir Vestfirðir	12.–14.2.2014	7
41	Dalsminni og nágrenni, Hörgárdalur, Karlsárdalur	12.–14.2.2014	7
46	Dalvík og nágrenni	6.3.2014	10
44	Önundarfjörður og Kirkjubólshlíð	10.3.2014	4
45	Þórsmörk og Eyjafjallajökull	10.3.2014	2
42	Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík, Hörgárdalur	10.–11.3.2014	22
43	Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík	15.3.2014	7
47	Dalvík og nágrenni, Öxnardalur, Ljósavatnsskarð, Grýtubakkahreppur innan Dalsmynnis	19.–22.3.2014	13

Hér að neðan er gerð grein fyrir einni hrinu sem gekk yfir norðanverða Vestfirði seinni hluta desember mánaðar, helstu flóðum sem féllu, veðrinu sem ríkti og viðbrögðum snjóflóðavaktar. Á sama tíma gengu einnig yfir hrinur á Norðurlandi og Austfjörðum. Hinar hrinurnar ollu minni vandræðum eða stóðu yfir í stuttan tíma.

### 6.1 Norðanverðir Vestfirðir 23.–27. desember

Mikið norðan óveður gekk yfir norðanverða Vestfirði síðustu daga desembermánaðar og féll fjöldi flóða, sum hver stór eða á óvenjulegum stöðum. Talsvert af flóðum féll einnig á vegi sem skapaði álag á vegakerfið. Sett var á óvissustig og gripið til rýminga á Ísafirði, Hnífsdal og á bænum Geirastöðum í Syðridal.

Norðaustan og síðar norðan stormur geisaði til fjalla með um 10 m/s vindi á Ísafirði. Ekki mældist mikil úrkoma í byggð á þessu tímabili og var hún í formi rigningar til að byrja með. Snjódýpt jókst hinsvegar talsvert til fjalla og á Seljalandsdal var aukningin um 80 cm á þessu tímabili. Hitastig var fyrir ofan frostmark (2–3°C) á Ísafirði til 22. des en svo kólnaði talsvert eftir 23. des. (-2 – -3°C) .

Hér eru talin upp helstu flóð sem féllu í þessari hrinu á hverju svæði fyrir sig.

### 6.1.1 Skutulsfjörður og Súðavíkurhlíð

Snjóflóð lokaði veginum um Súðavíkurhlíð á aðfangadag jóla (51748) og féllu sjö flóð til viðbótar á hlíðina seinna í þessari hrinu. Eins féllu fimm flóð á vegina í Skutulsfirði og stærsta flóðið lokaði Skíðaveginum upp á Seljalandsdal og yfir Skutulsfjarðarbraut (51759). Snjóflóð féll úr Karlsárgili 27. desember (51917) og náði inn á Skíðaveg en lokaði honum ekki.

### 6.1.2 Öfundarfjörður

Á aðfangadag féll snjóflóð úr Selabólsturð og lokaði veginum. Bíll keyrði inn í flóðið og festist (51751) og annað snjóflóð féll í Ytra Bæjargili og braut staurastæðu (51752). Eins féll flóð úr Skollahvilft á jóladag en það stöðvaðist um 40 metra frá veginum (51757).

### 6.1.3 Hnífsdalur

Innarlega í Hnífsdal norðanverðum féll snjóflóð á jóladag (51844) og annað sambærilegt flóð féll aðeins utar (51842). Eins féll snjóflóð úr Hraungili (51831) og Bakkahyrnu (51806). Stórt snjóflóð féll svo úr Lambaskál sem náði vel yfir Hnífsdalsá (51805).

### 6.1.4 Bolungarvík, Syðridalur og Skálavík:

